



Borgarráð

Ráðhúsið
101 REYKJAVÍK

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokk um vinnuslys á leik- og grunnskólum borgarinnar - R19020109

Hér að neðan er fyrirspurnir Sósíalístaflokksins um vinnuslys á leik- og grunnskólum borgarinnar og svör við þeim.

Fyrirspurn

Í sumar bárust fregnir þess efnis um að vinnuslysum hjá starfsfólki leik- og grunnskóla hér á landi, hefði stóráukist eða fjölgað um nær helming frá 2008. Þá kom fram að Vinnueftirlitið og Kennarasamband Íslands ætluðu að rannsaka málið ítarlega í haust.

- 1. Hefur borgin fengið einhverjar niðurstöður frá rannsókn Vinnueftirlitsins og Kennarasambandsins varðandi aukinnar tíðni vinnuslysa hjá starfsfólki leik- og grunnskóla?*
- 2. Heldur Reykjavíkurborg utan um fjölda vinnuslysa á leik- og grunnskólum borgarinnar? Ef svo er hvað hafa slysin verið mörg á síðustu árum og hefur ástæða slysanna verið könnuð eða liggja ástæður fyrir?*

Svör frá skóla- og frístundasviði

1. Haft var samband við Kennarasambandið og Vinnueftirlitið og spurst fyrir um viðkomandi rannsókn. Í framhaldi af því barst meðfylgjandi skýrsla og glærुकyning sem er unnin upp úr skýrslunni sem sérfræðingur hjá KÍ Sigrún Birna Björnsdóttir hefur unnið og byggir skýrslan á tölfræðilegum upplýsingum úr vinnuslysaskráningu hjá Vinnueftirliti ríkisins. Guðmundur Kerúlfr hjá Vinnueftirlitinu hefur staðfest þessar niðurstöður. Sjá meðfylgjandi skýrslu og glærुकyningar.

2. Eins og fram kemur í skýrslunni þá heldur Vinnueftirlitið utan um fjölda vinnuslysa hjá starfsstöðvum sviðsins, en ljóst er að tilkynningaskyldu er ábótavant. Því er unnið að því að auka meðvitund stjórnenda um mikilvægi fræðslu um öryggi á vinnustöðum og forvörnum til að koma í veg fyrir slys og að þeir láti vita af vinnuslysum ef starfsmaður verður óvinnufær í a.m.k. einn dag auk dagsins sem slysið varð. Sjá:

<https://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/oryggi/vinnuslys>

Bundnar eru miklar vonir við það að nýja skráningarkerfi borgarinnar sem væntanlegt er á þessu ári verði með atvikaskráningagrunn þar sem hvers konar óhöpp, slys eða næstum slys eru skráð á aðgengilegan og skilvirkan hátt. Þannig verður hægt að halda betur utan um alla

tölfræði, fylgjast með þróun mála varðandi öryggi og hollustuhætti á starfsstöðunum og fyrirbyggja að slys eigi sér stað.

Vísað er til skýrslunnar varðandi spurningu um fjölda slysa og orsaka þeirra.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Vinnuslys í leik- og grunnskólum 2008-2017

Glærur yfir vinnuslys í grunnskólum (tölulegar upplýsingar)

Glærur yfir vinnuslys í leikskólum (tölulegar upplýsingar)




Vinnuslys í leik- og grunnskólum 2008-2017

Vinnuslys í leik- og grunnskólum 2008-2017

Samantekt: Sigrún Birna Björnsdóttir
sérfræðingur í vinnuumhverfismálum hjá KÍ

Vinnuslysum kennara í leik- og grunnskólum hefur fjölgað frá árinu 2008-2017 samkvæmt gögnum sem Vinnueftirlit ríkisins tók saman fyrir Kennarasamband Íslands. Algengust eru fallslys á jafnsléttu yfir vetrarmánuðina en einnig má sjá aukningu annars konar slysa í gögnunum. Í ljós kemur einnig að tilkynningaskyldu er ábótavant og talið líklegt að enn eigi eftir að tilkynna slys frá 2017.

Vinnuslys í grunnskólum 2008 - 2017



mynd 1


Gögn grunnskólans sýna að þörf er á vitundarvakningu og beinum aðgerðum í fallvörnum. Það merkir að stjórnendur verða að vera vakandi fyrir fallhættu, sérstaklega þegar frost er í kortunum. Aukning vinnuslysa kennara á árunum 2008-2017 er ljós þar sem tilkynningar fara frá 44 þegar þær eru fæstar og upp í 181 tilkynningu árið 2015 þegar þær eru flestar á þessu tímabili. Á sama tíma fjölga tilkynningum um fallslys úr 17 þegar þær eru fæstar og upp í 72 þegar þær eru flestar árið 2015. Þessum tilkynningum fjölga áberandi mikið köldustu mánuði ársins. Eins og mynd 1 ber með sér hafa enn ekki borist tilkynningar um öll vinnuslys árið 2017. Stjórnendum ber skylda til að tilkynna um vinnuslys en einnig að huga að fallvörnum enda er það beinn fjárhagslegur ávinningur fyrir skóla að halda starfsfólki sínu heilu.

Orsakir vinnuslysa á árunum 2016-17 eru margvíslegar en 118 þeirra sem tilkynnt voru reyndust fallslys á jafnsléttu (sjá mynd 2) og eiga 44 þeirra uppruna sinn vegna snjós og hálfu á leið úr og í vinnu eða í starfi. Annars konar slys verða við samgang við menn í leik og starfi, vegna hindrana í gangvegi eða bleytu á gólfi en öll flokkast þau til fallslysa á jafnsléttu og má koma í veg fyrir þau með árvekni.



Vinnuslys í leik- og grunnskólum 2008-2017


Fallslys á jafnsléttu í grunnskólum 2016 – 2017, orsök slyss



mynd 2

Að sama skapi virðist slysum ekki fjölga jafnt og þétt í leikskólum en þeim fjölga einstök ár. Þannig má nefna að á árunum 2010, 2014 og 2016 fjölga tilkynningum um vinnuslys úr 50-60 talsins í 70 tilkynningar. Um leið fjölga beinbrotum einnig umtalsvert. Árin 2010 og 2016 skera sig úr og bárust 36 tilkynningar um fallslys á jafnsléttu en þar af voru 14 þeirra um beinbrot. Þegar skoðaðar eru tegundir fallslysa á árunum 2016-2017 má sjá að flest eða 22 talsins eiga sér stað vegna snjós eða hálfku, ýmist á leið í eða úr vinnu eða í starfi.

Fallslys á jafnsléttu hjá leikskólum 2016 - 2017, orsök slyss



mynd 3


Ljóst er að aukning vinnuslysa skrifast einkum á andvaraleysi fyrir veðrabrigðum. Forvarnir ættu að vera fremur auðveldar þar sem sumar þessara orsaka blasa við, einkum nú þegar þær hafa verið dregnar fram í dagsljósið. Aukin meðvitund fyrir þeim fjárhagslega ávinningi sem það hefur í för með sér að halda starfsfólki heilu og hamingjusömu ætti að hvetja stjórnendur til að huga betur að þessum málum og upplýsa sitt fólk um mikilvægi þeirra. .




Vinnuslys í leik- og grunnskólum 2008-2017

Brýnt er að skólastjórnendur láti vita af vinnuslysi innan við sólarhring frá því að það gerist svo vettvangsrannsókn geti farið fram. Hægt er að skila rafrænni tilkynningu á síðu Vinnueftirlits ríkisins <https://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/oryggi/vinnuslys>. Einnig er mikilvægt að stjórnendur haldi nákvæma atvikaskráningu allra óhappa og atvika sem eiga sér stað svo læra megi af reynslunni. Þannig verðum við öll reynslunni ríkari.


Vinnuslys á leikskólum 2008 - 2017



Beinbrot á leikskólum 2008 - 2017



Vinnuslys á leikskólum 2016 - 2017, orsök áverka



Fallslys á jafnsléttu í leikskólum 2008 - 2017

